



## Minnisblað

*um könnun á lagalegum forsendum þess að kyrrsetja tímabundið eignir innlendra fjármálafyrirtækja sem hafa komist í þrot, eigenda þeirra og tengdra aðila hér á landi ásamt því að kanna lagalegar forsendur þess að heimta til landsins eignir sömu aðila erlendis í því skyni að gæta hagsmuna þjóðarbúsins.*

Til Formanns viðskiptanefndar  
Frá Nefndasviði

### 1. Inngangur

Minnisblað þetta er unnið í tengslum við erindi sem barst viðskiptanefnd þingsins frá Vinstrihreyfingunni-grænu framboði þann 23. október síðastliðinn. Í erindinu leggur þingflokkur VG til að kannaðar verði lagalegar forsendur þess að kyrrsetja eignir innlendra fjármálafyrirtækja sem komist hafa í þrot, eigenda þeirra og tengdra aðila hér á landi. Einnig er farið fram á að kannað verði að setja bann við ráðstöfunum, sölu eða veðsetningu eignanna og að kannaðir verði möguleikar á að heimta til landsins eignir sömu aðila erlendis. Eftirfarandi er athugun nefndasviðs.

### 2. Staða og ábyrgð hluthafa í hlutafélögum

Hlutafélag er félag sem stofnað er með fjárframlögum stofnenda þar sem fjárframlaginu er skipt niður í ákveðna hluti. Enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þannig er fjárhagsleg ábyrgð þeirra takmörkuð við það hlutafé sem þeir leggja fram. Hin takmarkaða ábyrgð eigenda á rekstri og áhættu er talinn einn af helstu kostum hlutafélagasímsins og gerir hún hlutafélögum kleift að ráðast í fjárfrekar og áhættusamar framkvæmdir, án þess að hætta fjárhagslegu öryggi eigenda.

Um réttindi og skyldur eigenda hlutafélaga fer samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og þeim samþykktum sem félaginu ber að setja sér. Nokkuð strangar reglur gilda um hlutafélagasímið í lögum m.a. um stofnun þess, fjárhagslegan grundvöll, stjórnkerfi, réttarstöðu hluthafa og félagsslit. Í lögnum er kveðið á um að tiltekna stjórnareiningar, hluthafafundur, félagsstjórn og framkvæmdastjórn skuli annast stefnumótun, ákvarðanatöku og fara með forsvar félagsins.

### **3. Staða og ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum skv. hlutafélagalögum.**

Stjórnendur hlutafélags bera ábyrgð á því að félagið fari að lögum um hlutafélög og öðrum lögum sem gilda um starfssvið félagsins og atvinnurekstur, t.d. skattalög, lög um ársreikninga og bókhald.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt bera stjórnarmenn óskipta ábyrgð á vangreiddum virðisaukaskatti. Stjórnarmönnum ber einnig skylda til að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins sbr. 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Ef fjárhagur félagsins er slæmur verður þessi skylda ríkari og ber stjórninni að grípa til sérstakra aðgerða verði eigið fé minna en helmingur skráðs hlutafjár sbr. 4. mgr. 84. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 105. gr. laganna skal félagsstjórn afhenda bú félagsins til gjaldþrotaskipta þegar félagið er orðið ógjaldfært. Þá ber stjórnarmönnum að hafa virkt eftirlit með fjárreiðum félagsins og grípa tímanlega til nauðsynlegra ráðstafanna til að koma í veg fyrir tap. Það getur varðað stjórnarmenn ábyrgð ef ekki er brugðist við með réttum hætti.

Ef athafnir eða athafnaleysi stjórnenda sem rekja má til ásetnings eða gáleysis, leiða til bótaskylds tjóns geta þeir orðið skaðabótaskyldir gagnvart félaginu, hluthöfum og öðrum aðilum samkvæmt almennum reglum. Helst reynir á skaðabótaábyrgð stjórnenda þegar þeir vanrækja eftirlitsskyldur er tengjast starfsemi félagsins en stjórnendum ber að þekkja til meginatriða í rekstri félags og geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu, að þeir hafi ekki tekið þátt í stjórnarstörfum eða stjórnarfundir hafi ekki verið haldnir. Stjórnarmenn geta einnig orðið bótaskyldir ef þeir láta félagið takast á herðar fjárskuldbindingar sem þeim má vera ljóst að það geti ekki staðið undir eða ráðstafa eignum til tjóns fyrir lánardrottna.

Í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 eru að finna sérstök refsíákvæði er varða brot á þeim lögum. Þannig varðar það fangelsi allt að tveimur árum að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í ýmiss konar opinberum tilkynningum frá félagi. Sama refsing á við vegna brota á ýmsum ákvæðum laganna, t.d. varðandi eigin hluti eða boðun hluthafafundar ef eigið fé er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé. Það er jafnframt refsivert að skapa vísvitandi rangar hugmyndir um hag félagsins eða annað sem getur haft áhrif á verð hluta þess eða að hafa, á ólögmetan hátt, áhrif á atkvæðagreiðslu innan félagsins. Þá geta stjórnendur einnig bakað sér refsíábyrgð samkvæmt ákvæðum ýmissa annarra laga vegna starfa sinna, m.a. á grundvelli skattalaga, almennra hegningarlaga og annarra sérlaga.

### **4. Úrræði til kyrrsetningar eigna innlendra fjármálafyrirtækja**

Um kyrrsetningu eigna gilda lög nr. 31/1990 en kyrrsetning er bráðabirgðaaðgerð í þeim tilgangi að leggja veðbönd á fjármuni þar til aðfararheimild fæst.

Kyrrsetningu er þá ætlað að tryggja að óbreytt ástand vari hjá gerðarþola á meðan leitað er úrlausnar dómstóla um réttindi gerðarbeiðanda. Kyrrsetning er úrræði sem unnt er að beita þegar gerðarbeiðandi, sem á lögvarða kröfu um greiðslu peninga, getur sýnt fram á að hagsmunum hans sé raunverulega stefnt í hættu á meðan hann aflar sér aðfararheimildar fyrir dómstóli skv. 5. gr. laganna. Gerðarbeiðandi þarf yfirleitt að leggja fram tryggingu áður en gerðin er tekin fyrir þar sem gerðin og afleiðing hennar geta bakað gerðarþola tjón. Ef síðar kemur í ljós að krafa gerðarbeiðanda átti ekki rétt á sér, er tryggingunni ætlað að gera gerðarþola eins settan og gerðin hefði aldrei farið fram.

Við kyrrsetningu eru lögð veðbönd á þá fjármuni sem kyrrsettir hafa verið. Gerðarbeiðandi verður að höfða staðfestingarmál fyrir héraðsdómi innan viku frá því að kyrrsetningargerðinni lauk. Að öðrum kosti fellur kyrrsetningin niður.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að kröfuhafar innlendra fjármálafyrirtækja (hér eftir verður almennt talað um bankana) sem komin eru í hendur skilanefnda hafa möguleika til þess að leggja fram kröfu til sýslumanns um kyrrsetningu eigna til tryggingar tiltekinni skuld sem viðkomandi telur sig eiga á hendur bönkunum.

Þá veita lög um gjaldþrotaskipti einnig ákveðna vörn fyrir kröfuhafa bankanna þar sem 20. kafli þeirra veitir skiptastjóra heimild til riftunar á gerningum félagsins á síðustu 6-24 mánuðum fyrir frest dag. Frest dagur skv. hlutafélagalögum miðar við félagsslit og kosningu skilanefndar .

## **5. Úrræði til kyrrsetningar eigna eigenda í innlendum fjármálafyrirtækjum**

Að öðru er að hyggja þegar skoða á möguleika þess að fá kyrrsettar eignir eigenda bankanna þ.e. hluthafa og þá mögulega án þess að uppi sé rökstuddur grunur um lögbrot.

Eins og áður hefur komið fram er það meginregla laga um hlutafélög að hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða gerningum félagsins, nema viðkomandi hafi sérstaklega gengist í slíka persónulega ábyrgð fyrir tilteknum fjárfestingum eða gerningum. Ef slík staða er uppi og kröfuhafi bankans á slíkt veð hjá hluthafa er ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi grípi til aðgerða til þess að ganga að veðinu og þá mögulega fara fram á kyrrsetningu eigna veðsalans/hluthafans.

Með tilliti til laga um kyrrsetningu og lögbann og meginreglu hlutafélagalaganna þá er ekki til staðar heimild í núgildandi lögum til þess að kyrrsetja persónulegar eignir fyrir kröfum á hendur hlutafélagi. Til þess að svo væri þyrftu skilyrði laganna um kyrrsetningu að vera uppfyllt þ.e. að til staðar væri lögvarin krafa á hendur viðkomandi aðila persónulega. Það verður því ekki séð að persónulegar eignir hluthafa verði kyrrsettar á grundvelli núgildandi laga um kyrrsetningu og lögbann.

Ber þá að skoða hvort að önnur gildandi lagaákvæði geti náð yfir kyrrsetningu og/eða frýstingu eigna einstaklinga í tengslum við starfsemi fjármálastofnana.

Í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er að finna, í 8.mgr. 133.gr.<sup>1</sup> sérstaka heimild fyrir Fjármálaeftirlitið að kyrrsetja eignir einstaklinga eða lögaðila ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laganna. Slík kyrrsetning fer þá fram á grundvelli 85.gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og gilda að mestu leyti sömu reglur og um kyrrsetningu fjármuna almennt, þó er ekki krafist tryggingar auk þess sem staðfestingarmál þarf ekki að höfða. Slík kyrrsetning fellur niður ef að ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi. Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir því að uppi sé rökstuddur grunur um brotlega háttsemi og að ferlið fari af stað í framhaldi af athugun Fjármálaeftirlitsins.

---

<sup>1</sup> 8. mgr. 133. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti: Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.1)

Þá segir í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að brot gegn þeim lögum varði sektum eða fangelsi og einnig að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn þeim ákvæðum laganna sem varða sektum eða fangelsi. Lögin gera ráð fyrir að eftirlitsaðilinn, Fjármálaeftirlitið, leggi fram kæru vegna brotanna til lögreglu. Benda má þó á að ákvæðið gerir ráð fyrir að hagnaður verði gerður upptækur með dómi þannig að ekki er um eiginlega bráðabirgðagerð að ræða. Samskonar ákvæði um upptöku hagnaðar var einnig sett inn í lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 33/2003 (nú 108/2007) um verðbréfavíðskipti, nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Þegar um er að ræða kyrrsetningu samkvæmt verðbréfalögunum og upptöku hagnaðar samkvæmt lögunum um fjármálafyrirtæki hefur Fjármálaeftirlitið heimildir til þess að grípa til aðgerða vegna brota og þar sem skilanefndir starfa í umboði Fjármálaeftirlitsins ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að grípa til þessara aðgerða eftir því sem athugunum skilanefndanna vindur fram.

Nú er unnið að skýrslu um starfsemi bankanna síðustu mánuðina fyrir fallið og auk þess hefur verið rætt um stofnun sérstaks rannsóknarembættis sem hefði það hlutverk að skoða og ákæra fyrir hugsanlega réttarbrot. Slíkt rannsóknarembætti getur, á grundvelli 85.gr. laga um meðferð opinberra mála<sup>2</sup>, farið fram á kyrrsetningu eigna liggi fyrir rökstuddur grunur um lögbrot, t.d. um fjárdrátt á grundvelli almennra hegningarlaga. Þá mætti einnig skoða hvort setja skuli slíku sérstöku rannsóknarembætti sérlæg þar sem tilgreind yrðu verkefni þess og jafnvel sett inn sérstakt kyrrsetningarákvæði sem myndi þá vera víðtækara en það sem nú þegar er til staðar í lögum um verðbréfavíðskipti eða lögum um meðferð opinberra mála.

Af samantekt þessari má sjá að nokkur úrræði eru til staðar til þess að kyrrsetja eignir einstaklinga í tengslum við sjálfstæð lögbrot sem geta staðið í samhengi við hlutafjareign, verðbréfaeign eða hugsanlega refsiverða háttsemi. Í þessu tilfellum er þó alltaf miðað við að uppi sé rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi eða refsibrot staðfest með dómi.

Úr erindinu má einnig lesa að óskað sé eftir könnun á möguleikum þess að kyrrsetja eignir eigenda innlendra fjármálafyrirtækja án þess að til staðar sé slíkur rökstuddur grunur.

Í stjórnarskrá lýðveldisins er tekið fram að eignarrétturinn sé friðhelgur og að ekki skuli koma til skerðingar hans nema almannaheill krefji, lagaheimild sé til staðar og að fullt verð komi fyrir. Ef að slík rík almannaþörf telst vera til staðar getur það réttlætt eignaupptöku eða

---

2 85.gr. laga nr. 19/1991: 1. Til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku getur [sá sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknari]1) krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða yrmi að mun.

2. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar samkvæmt grein þessari fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu, stimpilgjald og þinglýsingar skal ekki greiða fyrir ráðstafanimar og um ábyrgð á kyrrsetningu fer eftir almennum skaðabótareglum.

3. Kyrrsetning fellur niður ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar, skaðabóta og sakarkostnaðar eða upptaka eigna hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að honum verði að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til vermdar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

kyrrsetningu en ljóst er þó að setja þurfi slíka heimild í lög. Eftir stendur þá hins vegar skilyrðið um að fullt verð komi fyrir og yrði nýtt ákvæði um kyrrsetningu eigna án rökstudds gruns um lögbrot að fela í sér skyldu gerðarbeiðanda til að setja fram tryggingu sem duga skuli til að bæta mögulegt tjón gerðarþola. Auk þessa er ljóst að leggja þyrfti í einhvers konar staðfestingarmál í framhaldi af slíkri sérstakri kyrrsetningu.

Með þetta í huga má velta því fyrir sér hvort að slíkt neyðarástand sé til staðar að það réttlæti úrræðið sem hér hefur verið fjallað um, þ.e. kyrrsetningu eigna án rökstudds gruns um lögbrot. Rétt þykir að ítreka hér að ágæt rök má færa fyrir því að nú þegar séu til staðar ákvæði í löggjöfinni sem nota má til að koma í veg fyrir undanskot hluthafa bankanna á eignum þótt ekki sé hægt að grípa til þeirra nema rökstuddur sé grunur um lögbrot. Á móti kemur að uppi eru afar sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Eðlilegt er þó að meðalhófið verði haft í huga við slíkt mat.

## 6. Úrræði til kyrrsetningar eigna aðila sem tengjast innlendum fjármálafyrirtækjum

Í erindi VG er einnig sérstaklega tiltekið að athuga þurfi úrræði til kyrrsetningar eigna aðila sem tengdir eru innlendum fjármálafyrirtækjum. Ef gert er ráð fyrir því að tengdur aðili geti verið einstaklingur þá gilda um það sömu sjónarmið og hér að ofan eru rakin. Þannig ber slíkur mögulega tengdur aðili ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða fjárfestingum bankanna nema þá á grundvelli sérlaga sem áður hafa verið rakin.

Ef gert er ráð fyrir því að tengdur aðili sé lögaðili t.d. eignarhaldsfélag í eigu eins hluthafa bankans geta ákvæði laga um kyrrsetningu og lögbann ekki komið til skoðunar nema viðkomandi lögaðili hafi gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingar bankans. Þá geta ákvæði sérlaganna sem rætt var um í kafla 5 einnig tekið til lögaðila sem gerst hafa brotlegir og gildir þannig að mestu leyti það sama hér.

Auk þessa má nefna að 20.kafli laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 heimilar riftun gerninga til nákominna aðila allt að 24 mánuði aftur í tímann frá frestdegi. Hugtakið nákomnir aðilar er meðal annars skilgreint sem *tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hluta í hinu*<sup>3</sup>. Þannig geta ákvæði 20.kafla náð yfir þau tilfelli sem eignir, skuldir eða veð hafi verið flutt frá bönkunum til nátengdra aðila.

## 7. Úrræði til kyrrsetningar í löggjöf nágrannalanda

Nefndasvið hefur skoðað löggjöf nágrannaþjóða okkar í tengslum við kyrrsetningu og frystingu eigna auk þess að hafa skoðað lauslega ýmis lög um fjármálastarfsemi, almenn hegningarlög og fleira. Niðurstaðan er sú að gildandi löggjöf á Norðurlöndunum er á allan hátt sambærileg við íslenska löggjöf á þessum sviðum.

---

3 3.gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991: Orðið nákomnir er í lögum þessum notað um þá sem eftirfarandi tengsl standa millí:

1. hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð,
2. þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur,
3. þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.,
4. mann og félag eða stofnun sem hann eða maður honum nákominn á verulegan hluta í,
5. tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hluta í hinu,
6. menn, félög og stofnanir sem eru í sambærilegum tengslum og um ræðir í 1.–5. tölul.

Eftir athugun er það mat nefndasviðs að ekki sé að finna sérstaka heimild í norrænum lögum um kyrrsetningu og lögbann sem styður kyrrsetningu eigna eigenda fjármálafyrirtækja án þess að uppi sé lögmæt krafa á viðkomandi aðila persónulega. Þá er að finna í ýmsum ákvæðum sem tengjast meðal annars fjármálamarkaði og í almennum hegningarlögum heimild til kyrrsetningar eða upptöku ef sýnt er fram á brot gegn viðkomandi ákvæðum, eins og gert er í íslenskum lögum.

Aðstaðan í Bretlandi er sérstök eins og nefndarmenn þekkja þar sem Bretar hafa sett sér sérstaka löggjöf um hryðjuverka- og glæpastarfsemi og fella undir þann lagabálk aðgerðir sem leiða til frystingar á eignum bæði fyrirtækja og einstaklinga. Í lögum þessum sem nefnast *Anti-terrorism, Crime and Security Act* kemur fram að frysta megi eignir fyrirtækja eða einstaklinga ef að ríkið telur að athöfn sem skaða muni breska hagkerfið sé hafin eða líklegt sé að verði hafin<sup>4</sup>. Þá er það skilyrði að innan 28 daga frá ákvörðunum um frystingu sé athöfnin lögð fyrir breska þingið til staðfestingar. Ljóst er að Bretar hafa gengið nokkuð langt í lagasetningu og miðað við beitingu ákvæðisins gegn íslenska ríkinu hafi Bretar í raun sett sér lagaákvæði sem heimilar kyrrsetningu eigna án sérstaklega rökstudds gruns, lögvarinnar kröfu eða dóms, allt með vísan til hagsmuna ríkisins.

## 8. Úrræði til frystingar eigna erlendis

Varðandi möguleikann á frystingu eða kyrrsetningu eigna hluthafa íslensku bankanna erlendis virðast slík úrræði ekki vera til staðar.

Þó er vert að nefna að dómsúrskurð um upptöku eigna er hægt að fá fullnægt erlendis. Ísland er m.a. aðili að Lúganósamningnum um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sbr. lög nr. 68/1995. Önnur aðildalönd samningsins eru m.a. Bretland, Lúxemborg, Noregur og Sviss. Samkvæmt samningnum er hægt að fullnægja dómum sem kveðnir eru upp í einu samningsríki í öðru samningsríki. Dómsúrskurð um t.d. riftun kaupsamnings, gallamál, verslunarmál af ýmsum toga o.s.frv. er þar með hægt að fá fullnægt í öðru ríki. Hér skal þó tekið fram að samningurinn hefur takmarkað gildissvið og gildir m.a. ekki um gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð.

Upptaka eigna í öðrum ríkjum er einnig möguleg á grundvelli tvíhliða eða marghliða samninga um fullnustu refsidóma, sbr. lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993. Slíkir samningar geta kveðið á um fullnustu t.d. ákvarðana dómstóla um fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna. Oftast nær er gerð krafa um dómsúrskurð en þó er hægt að fá fullnustu annars konar úrlausnar, enda sé slík úrlausn í samræmi við réttarfarslög í viðkomandi ríki. Þá er heimilt að fullnægja ákvörðunum stjórnvalda um viðurlög sem fela í sér greiðslu sekta, upptöku eigna eða réttindasviptingar, enda séu ákvæði í viðkomandi samningi um að hann taki einnig til slíkra stjórnvaldsákvarðana.

---

4 1. The Treasury may make a freezing order if the following two conditions are satisfied.

2. The first condition is that the Treasury reasonably believe that—

a) action to the detriment of the United Kingdom's economy (or part of it) has been or is likely to be taken by a person or persons, or  
b) action constituting a threat to the life or property of one or more nationals of the United Kingdom or residents of the United Kingdom has been or is likely to be taken by a person or persons.

Þrátt fyrir þá samninga sem Ísland hefur gert um fullnustu úrskurða í öðrum ríkjum er óvíst hvort hægt verði að fá fullnustu um úrskurð um eignaupptöku ef hann er tekinn á grundvelli sérlega settum sérstaklega til að ná fram slíkum úrskurði. Fullnusta dóma má ekki fara gegn grundvallarreglum þess ríkis sem fullnusta skal fara fram í og því nauðsynlegt að lögin sem dæmt er eftir fari að reglum réttarríkisins, m.a. að lagasetningin sé ekki afturvirk, gæti meðalhófs, sé nauðsynleg og brjóti ekki gegn mannréttindum. Mat á því hvort lögin uppfylli þessi skilyrði yrði hjá því ríki sem leitað er fullnustu í og því hugsanlegt að ekki verði talið nægilegt að vísa til að almannahagsmuna sem röksemda að baki slíkum sérlögum.

## 9. Niðurstaða

Hér að ofan er að finna grunnsamantekt nefndasviðs á lagagrundvelli til kyrrsetningar eigna hluthafa fjármálafyrirtækja en eðlisins og tímans vegna var ekki hægt að setja saman algerlega tæmandi úttekt á þessu viðamikla málefni.

Ekki er að finna í íslenskum lögum sérstakt ákvæði sem heimildar frystingu eða kyrrsetningu eigna hluthafa í fjármálafyrirtækjum án þess að sýnt sé fram á rökstuddan grun um lögbrot. Þó eru til staðar ýmis ákvæði sem heimila kyrrsetningu í tengslum við athafnir á fjármálamarkaði og einnig í tengslum við almenn hegningarlög og lög um meðferð opinberra mála en þá er ætíð sett fram skilyrði um a.m.k. rökstuddan grun um brot.

Með hliðsjón af stjórnarskrárvernd eignarréttarins og skorti á persónulegri ábyrgð hluthafa í hlutafélögum er nauðsynlegt að gæta meðalhófs við uppgjörð eftir fall bankanna og miða þannig við aðgerðir sem eru hvað minnst íþyngjandi en ná þó takmarki sínu.